**Fundargerð 2. fundar hreppsnefndar Ásahrepps kjörtímabilið 2014-2018 .**

**Haldinn að Laugalandi 27. júní 2014 kl. 9.**

Mætt: Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. **Samningur um viðbyggingu við Dvalar og hjúkrunarheimilið Lund.**
   Lögð fram drög að samningi milli Velferðarráðuneytisins annars vegar og Ásahrepps og Rangárþings ytra hins vegar um viðbyggingu við Dvalarheimilið Lund. Ábyrgð Ásahrepps er í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaganna. Hreppsnefnd samþykkir drögin samhljóða fyrir sitt leyti og felur oddvita að undirrita samning.

2. **Kjör og tilnefningar í nefndir og stjórnir samkvæmt samþykktum Ásahrepps.**

   Kjörstjórn: Erla Traustadóttir formaður, Björn Guðjónsson og Kristín Ómarsdóttir.
   Til vara. Grétar Guðmundsson, Ásta B. Ólafsdóttir og Jakob Þórarinsson.

   Umhverfisnefnd: Ingibjörg Sveinsdóttir formaður, Örn Yngvarsson og Sigríður M Sigurðardóttir. Til vara. Brynja Jónasdóttir, Vilberg Skúlason og Pétur Einarsson.
   Atvinnu- og ferðamálanefnd: Birgir Skaptason formaður. Ásta B. Ólafsdóttirog Renate Hannemann.

   Til vara. Brynja Jónasdóttir, Grétar Guðmundsson og Tyrfingur Sveinsson.

   Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra: Nanna Jónsdóttir og Renate Hannemann.
   Til vara. Tyrfingur Sveinsson og Guðjón Björnsson.

   Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra: Fullskipuð hreppsnefnd Ásahrepps.

Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt:  Egill Sigurðsson formaður, Karl Ölvisson.
Til vara.  Eydís Indriðadóttir og Þuríður M Björnsdóttir.

Bókasafnsnefnd:  Björg K Björgvinsdóttir.  Til vara Hulda Brynjólfsdóttir.

Stjórn Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra:  Karl Ölvisson.
Til vara.  Nanna Jónsdóttir.

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu:  Eydís Indriðadóttir.
Til vara.  Jakob Þórarinsson.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:  Egill Sigurðsson.
Til vara.  Brynja Jónasdóttir.

Velferðar- og jafnréttisnefnd:  Elín Grétarsdóttir.
Til vara. Ásta B. Ólafsdóttir.

Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu:  Brynja Jónasdóttir.  Til vara. Renate Hannemann.

Almannavarnanefnd Rangárvallasýslu:  Egill Sigurðsson.
Til vara. Nanna Jónsdóttir.

Samráðsnefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og lögreglustjóra:  Egill Sigurðsson.  Til vara Nanna Jónsdóttir.

Héraðsnefnd Rangárvallasýslu:  Egill Sigurðson.  Til vara. Nanna Jónsdóttir

Skipulagsnefnd Uppsveita.  Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur:  Egill Sigurðsson.  Til vara. Nanna Jónsdóttir.

Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs:  Egill Sigurðsson.

Til vara.  Nanna Jónsdóttir.

Stjórn Húsakynna bs:  Eydís Indriðadóttir.  Til vara. Brynja Jónasdóttir.

Rekstrarstjórn sameiginlegra eigna á Laugalandi:  Egill Sigurðsson.
Til vara.  Nanna Jónsdóttir.

Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.  Ásta B Ólafsdóttir.
Til vara.  Karl Ölvisson.

**Fjallskilanefnd Holtamannaafréttar:  Egill Sigurðsson.**
Til vara.  Tyrfingur Sveinsson.

Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:  Egill Sigurðsson.
Til vara.  Nanna Jónsdóttir.

Stjórn Dvalarheimilisins Lundar:  Eydís Indriðadóttir.  Til vara Egill Sigurðsson.

Fulltrúi á Sassþing:  Egill Sigurðsson.  Til vara Nanna Jónsdóttir.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

3. **Þóknanir fyrir setu í  Hreppsnefnd.**
   Lögð fram tillaga um mánaðarlaun aðalmanna skuli nema sem nemur 8% af þingfarakaupi  og mánaðarlaun varamanna 4% af þingfarakaupi.
   Akstur verði greiddur samkvæmt akstursdagbók eftir taxta RSK.
   Samþykkt samhljóða.

4. **Þóknanir fyrir nefndarstörf.**
   Lögð fram tillaga um að laun fyrir formennsku í nefndum nemi 3% af þingfarakaupi og laun fyrir önnur nefndastörf nemi 2% af þingfarakaupi.
   Akstur verði greiddur samkvæmt akstursdagbók eftir taxta RSK.

Samþykkt samhljóða.

5. **Þóknanir fyrir kjörstjórnarvinnu.**
   Lögð fram tillaga um laun fyrir formennsku í kjörstjórn kr. 5.169 pr klst. og annarra kjörstjórnarfulltrúa kr. 3.245 pr klst. Samþykkt samhljóða. Egill Sigurðsson tók ekki afstöðu.

6. **Tilboð frá TRS í 3 fartölvur fyrir Hreppsnefnd og 1 fyrir sveitarstjóra.**
   Ákveðið að taka tilboði í fjórar Hp fartölvur og tilheyrandi fylgibúnað að fjárhæð kr. 469.000,-

7. **Kynning á yfirstandandi vinnu Landsnets og Vegagerðarinnar við mat á umhverfisáhrifum fyrir Sprengisandsveg og Sprengisandslínu .**
   Gísli Gíslason hjá Steinsholti, Árni Jón Elíasson hjá Landsneti og Eiríkur Bjarnason hjá Vegagerð ríkisins kynntu vinnu sína við þetta verkefni, sem stefnt er að lokið verði haustið 2015. Hreppsnefnd Ásahrepps mælir með því að áfram verði unnið á þeim grunni, sem lagt var upp með samkvæmt skipulagsáætlunum. Hreppsnefndin áskilur sér rétt til að koma að sjónarmiðum og stefnu Ásahrepps varðandi lagningu raflínu og vegar um Sprengisand í umsagnarferli.

8. **Kerfill.**
   Kerfill er að breiðast út við Brattastíg og víðar í vegköntum í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd áréttar að bregðast þarf við vandanum strax og samþykkt var að vísa þessu til umhverfisnefndar til úrlausnar.

9. **Önnur mál.**
   a) Erindi frá íbúum Kastalabrekku um að börnum þeirra verði heimilað að ganga í skóla og leikskóla á Hellu. Afgreiðslu frestað og málinu vísað til umsagnar hjá fræðslunefnd.
   b) Fundargerð 16. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu lögð fram til kynningar.
   c) Fundargerð 157. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands lögð fram til kynningar.

d)  Bréf frá Sigrúnu Björk Benediktsdóttur varðandi málefni leikskólans á Laugalandi lagt fram til kynningar.
e)  Erindi frá Krafti, þar sem Ásahreppi er boðið að gerast stofnfélagi. Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
f)  Erindi frá Bakkatríóinu, um fjárstyrk til að halda tónleika við sundlaugina á Laugalandi.  Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
g)  Erindi frá Íþróttasambandi fatlaðra, þar sem boðið er upp á styrktarlínu í blaðinu Hvata.  Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
h)  Erindi frá Kiwanishreyfingunni þar sem óskað er fjárstyrk til forvarna gegn stífkrampa.  Samþykkt að greiða styrktarlínu að fjárhæð kr. 6.000.

Ákveðið að halda næsta fund hreppsnefndar miðvikudaginn 9. júlí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 12,40.